



**SKJÖL SKAPA ÞJÓÐ:
LANDSBÓKASAFNIÐ OG MÓTUN MINNINGA Í ALDIR TVÆR**

**Fyrirlestur
Guðna Th. Jóhannessonar
forseta Íslands
í tilefni af 200 ára afmæli
Landsbókasafns Íslands á þessu ári**

11. janúar 2018

Landsbókavörður,
góðir áheyrendur:

Í ár fagnar Landsbókasafn Íslands 200 ára afmæli. Að vísu hét það ekki því nafni í fyrstu heldur var það kallað Stiftsbókasafn en þar kom að hitt heitið hlaut hljómgrunn og nú nefnist safnið Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, eftir sameiningu undir lok síðustu aldar. Fyrst var bókakostinum komið fyrir á lofti dómkirkjunnar hér í Reykjavík, síðan í Alþingishúsinu og svo lengi í Safnahúsinu góða við Hverfisgötu.

Og núna erum við komin saman í Þjóðarbókhöðunni, glæsilegu setri mennta og fræða. Margt merkilegt mætti segja um langa sögu Landsbókasafnsins. Einnig væri hægt að slá á léttu strengi og rifja til dæmis upp frásagnir af gengnum bókavörðum, mörgum stimamjúkum, öðrum ekki (í fræðibók um sagnfræðileg vinnubrögð sem ég studdist við í kennslu við sagnfræðiskor Háskóla Íslands var dágóður kafli sem nefndist „Getting on with rare books librarians and archivists“, með ýmsum leiðbeiningum og varnaðarorðum). Ég leyfi mér að fullyrða að í áranna rás hafa bókabéusar átt ljúfar stundir á Landsbókasafni. Fyrir hönd okkar í þeim hópi færi ég starfsliði

safnsins þakkir fyrir liðveislu og velvild, og óska ykkur öllum til hamingju með hið mikla afmæli. Megi safnið dafna og vaxa á nýrri öld.

En til hvers? Til hvers að safna bókum og skjölum? Til hvers að verja stórfé í þá iðju? Bókvitið verður ekki í askana látið, segir gamalt máltæki. Í hinni tveggja alda sögu, sem við minnumst nú og fögnum, hefur þess vissulega gætt að fólki hafi þótt annað brýnna en að safna bókum og geyma þær. Sú var raunin fyrstu áratugina og sömuleiðis undir lok nítjándu aldar þegar alþingismenn ræddu um að láta reisa sérstakt safnahús. Finnbogi Guðmundsson hefur verið landsbókavörður lengst allra fyrir utan þann fyrsta, Jón Árnason, þjóðsagnasafnara með meiru. Í stuttu yfirliti um sögu safnsins, þegar það hafði náð einnar og hálftrar aldar aldri, skrifaði Finnbogi í gamni og alvöru: „Mér er dálítill raun að því að sjá, að hann afabróðir minn, Þórhallur Bjarnarson, þá nýorðinn lektor prestaskólans, snerist öndverður gegn þessari tillögu [um safnahús], honum líklega verið ofar í huga þá stundina þarfir kirkjunnar og landbúnaðarins.“ Þrátt fyrir góðan vilja tók líka frekar langan tíma að reisa þá byggingu sem við njótum núna. Það þurfti að spara, nýta skattfé sem þó var beinlínis ætlað bókhlöðunni, í aðra hluti og brýnni að mati ráðamanna.

Já, til hvers að verja fé í bækur þegar svo margt annað kallar á það? Á öndverðri nítjándu öld var fráleitt bjart yfir mannlífi hér; Alþingi lagt niður og hinir fornu biskupsstólar sömuleiðis, skólar varla til að heitið geti. Færri bjuggu á landinu en einni öld fyrr, eftir náttúruhamfarir, harðæri og drepsóttir. Á sama tíma sveif andi framfara víða yfir vötnum í Evrópu – og oftast en ekki horfðu menn um leið aðdáunaraugum á hetjur liðinna daga. Því er ekki að undra að það var erlendur menntamaður sem skrifaði nær örugglega fyrstur manna um nauðsyn þess að stofna hér á landi almennt bókasafn. Í bréfi til Münters Sjálandsbiskups hinn 28. ágúst 1817 lýsti Friedrich Schlichtegroll, aðalritari Konunglegu vísindaakademíunnar í München, hinum glæsta sagnaarfi Íslendinga, menntun þeirra og virðingu. Í orðum hans gætti hvergi hnignunar, hér var bara rómantík. Schlichtegroll fjallaði fjálglega um „hið virðulega íslenska ástand“; á Sögueynni í norðri ríkti „þessi kyrrláta nægjusemi, þessi tryggja rækt við bæði goðbornu systkinin, trúbrögðin og vísindin, og hið háa stig sannrar menningar á þessu undursamlega eylandi“. Síðan lét hann hugann reika:

Ég geng í huganum inn í litla húsið íslenska prestsins sem er tryggilega varið gegn snæfoki; ég sé hann við lesborðið sitt, sokkinn niður í bestu rithöfunda fortíðar og nútíðar, sé hvernig hann ferðast um Grikkland og Austurálfu og Ítalíu að fornu og nýju og svarar fróðleiksfýst sinni, eins og andríkur fræðimaður sem er að gæða sér á bókmenntaperlunum í einhverri af höfuðborgum Norðurlálfunnar; – ég sé dómarrann, vörð laganna, umboðsmann stjórnarinnar, vera að stytta

sér vetrarkvöldin löngu við lestur fræðirita sem embættisbræður hans í mestu menningarlöndunum alls ekki líta við lengur fyrir ótal andvana dægrastyttingum og svonefndum skemmtunum; – margan bóndann um jólaleytið með latneskan sagnaritara fyrir framan sig sem hann hefur fengið að erfiðum, vera að endurnæra rólegan og styrkan anda á kjarngóðri andlegri fæðu.

Þvílík menningarþjóð og þessi þurfti auðvitað bókasafn! Þannig hugsaði Schlichtegroll og þess var ekki langt að bíða að annar Íslandsvinur tæki í sama streng. Í mars 1818 lagði hinn danski Carl Christian Rafn til að Hið íslenska bókmenntafélag beitti sér fyrir stofnun stiftbókasafns. Æ síðan var Rafn vildarvinur safnsins og hvatti til þess heima fyrir að það yrði styrkt á alla lund, þó ekki væri nema vegna þess að Danir stæðu í þakkarskuld við Íslendinga eins og hann skrifaði til dæmis árið 1863: „Íslendingar hafa endur fyrir löngu lagt svo drjúgan skerf af mörkum til varðveislu og skýringar sögu vorrar og vorrar dönsku tungu, að vér ættum einnig að gera það, sem oss er unnt, til fræðslu núlifandi og óborinna kynslóða á Íslandi.“

Þörf bókaþjóðar, þakkarskuld annarra þjóða: Hér voru tvær ástæður til landsbókasafns sem hinir erlendu velunnarar vöktu máls á. Auðvitað voru þeir Íslendingar til sem voru sama sinnis. Jón forseti Sigurðsson unni landsbókasafninu, vildi veg þess sem mestan og festi meðal annars þessi orð á blað árið 1844 – sem má jafnvel kalla allsherjaróð til bókasafna:

Allir menntaðir menn og bókavinir finna það að vísu, eins á Íslandi og annarstaðar, hversu ómetanlegt gagn er að bókasöfnum. Enginn einstakur maður hefir efni á að útvega sér allar þær bækur sem hann þarf með ef hann er vísindamaður, og þó fáeinir gæti það þá er samt auðsætt hversu miklu nytsamara er og jafnvel sparnaðarmeira að hafa bókasafn sem margir geta haft not af. Engin þjóð er nú til í veröldinni, sem siðuð vill heita, að hún leggi ekki stund á að eiga góð bókasöfn.

Um þessar mundir voru yfir 5.000 prentuð rit komin í Landsbókasafnið, auk ýmissa skjala sem því höfðu áskotnast, sumra aldagamalla. Sagnaritarinn Jón gerði sér auðvitað líka glögga grein fyrir mikilvægi þeirra. Söfnun bóka og skjala, heimilda um sögu og samtíð, var að hans mati undirstaða þjóðvakningar, forsenda þess að Íslendingar gætu kallað sig þjóð meðal þjóða, eða siðaða þjóð meðal siðaðra þjóða. Jón Sigurðsson vissi með öðrum orðum að skjöl skapa þjóð. Í formála fyrsta bindis *Íslensks fornbréfasafns*, sem var gefið út árið 1857

skrifaði hann: „Skrár, bréf og skjöl eru, eins og allir vita, hinn vissasti og áreiðanlegasti grundvöllur sögunnar í hverju landi sem er.“

Skrárnar, bréfin og skjölin urðu líka í höndum Jóns og annarra sjálfstæðissinna á nítjándu öld að vopni í baráttunni fyrir auknum landsréttindum. Að vísu var sá efniviður að mestu í Kaupmannahöfn og í þeim herbúðum andstæðingsins gat Jón Sigurðsson valsað um að vild. „Svo ólíklegt sem það má nú teljast,“ skrifaði alþýðufræðimaðurinn Hallgrímur Sveinsson undir lok síðustu aldar, „stóðu skjalasöfn dönsku stjórnarinnar Jóni nánast opin. Þar átti hann svo til óheftan aðgang að gögnum til að smíða þau vopn sem hann notaði ótæpilega alla tíð.“

Dýrasta skjalið, sterkasta vopnið, var Gamli sáttmáli, helsti grundvöllur þeirra krafna að Íslendingar væru ekki skuldbundnir Danakonungi og ættu fjárkröfur á hendur danska ríkinu. Sáttmálinn var fyrst prentaður árið 1853, í fyrsta bindi *Lovsamling for Island* sem Jón Sigurðsson og Oddgeir Stephensen bjuggu til útgáfu, og svo í þriðja bindi *Fornbréfasafnsins* sem birtist tæpum áratug síðar. Og nú er sjálfsagt að geta þess að bæði verkin eru að sjálfsögðu í hillum hér, *Lovsamling* með flokkunartöluna 348.491 Ísl og *Fornbréfasafnið* undir 949.1 Ísl. Og vilji fólk kynna sér ævi og verk Jóns Sigurðssonar má finna á þessu safni, samkvæmt óvísindalegri athugun minni, yfir hundrað heimildir sem gætu komið að gagni. Bækur, greinar og bókarkaflar um Gamla sáttmála eru svo á fjórða tug, samkvæmt leitarvél safnsins.

Engin þessara heimilda um samninginn var reyndar til árið 1906, þegar hornsteinninn var lagður að Safnahúsinu við Hverfisgötu. Dagurinn til þeirrar athafnar var vel valinn, 23. september, dánardægur Snorra Sturlusonar. Tæp öld var þá liðin frá stofnun stiftbókasafnsins, heimastjórn komin og andi bjartsýni og framfara lá í loftinu. „[S]afn það sem þetta hús sérstaklega er ætlað til að varðveita,“ sagði Hannes Hafstein ráðherra, „hefur eflst og aukist með vaxandi mannrænu, sjálfsdád og sjálfstæði þjóðar vorrar á öldinni sem leið.“ Áfram skyldi haldið og þá skipti öflugt landsbókasafn sköpum. Hannes sagði brýna nauðsyn

... að vopna hinn lifandi lýð í framsóknarbaráttunni á hverjum tíma, með því að fá inn í landið jafnóðum hinar bestu bækur og rit í öllum vísindagreinum svo að þeir sem menntir stunda geti fylgst með í þeim framförum þekkingarinnar sem fleygja menningunni áfram. Hvervetna og í öllu er það nútímans reynsla að þekkingin er það sem sigrinum ræður.

Þetta fræðsluhlutverk bókasafna mætti ekki vanmeta. Eins mikilvæg væru þau þó í sköpun þjóðernis, sagði ráðherrann sömuleiðis – talaði um „varðkastal[a] og forðabúr þjóðernistilfinningarinnar sem aftur er skilyrði fyrir samheldni, vilja og krafti til þess að efla og hefja þjóðina sem þjóð“.

Tæpri öld síðar var aftur hátíðarstund í sögu safnsins. Aftur var tíminn ekki valinn af handahófi. Fullveldisdaginn 1. desember 1994 var Þjóðarbókhladan opnuð og orð fyrsta ráðherrans endurómuðu við þessi tímamót. „[Í] þeirri stofnun sem hér verður til húsa,“ mælti Ólafur G. Einarsson menntamálaráðherra í vígsluræðu sinni,

verður sinnt verkefnum sem varða undirstöðupætti sjálfstæðs menningarsamfélags á Íslandi. Annars vegar verður hér unnt að ganga að þeirri arfleifð sem geymd er á bókum og er grundvöllur þjóðmenningar okkar, hins vegar gefst kostur á að leita fanga í hinu alþjóðlega forðabúri vísindalegrar þekkingar og rækja þau tengsl við umheiminn sem eru forsenda þess að öflugt menningarþjóðfélag fái þrifist.

Og nú er enn fagnað. Hiklaust má taka undir fyrri orð um gildi safna og mikilvægi þeirra fyrir vísindi og menningu. Þótt alltaf megi gera enn betur rækir Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn vel þá lögbundnu skyldu að vera „þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands.“ Í lögum er jafnframt kveðið á um að safnið sé „rannsóknarbókasafn og þekkingarveita fyrir alla landsmenn“ og þar sé sinnt „virkri og fjölbættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs og lista- og menningarmála“.

Hér hefur líka tekist dável að varðveita hin gömlu gögn, halda í venjur og hefðir, en feta um leið nýjar slóðir, bæta við nýrri iðju. Fyrir þetta á starfsfólk safnsins þakkir skildar og forystusveitin sömuleiðis, ekki síst þeir landsbókaverðir sem gegnt hafa því starfi eftir sameininguna 1994, Einar Sigurðsson, Sigrún Klara Hannesdóttir og nú Ingibjörg Sverrisdóttir. Þegar Landsbókasafnið var flutt í Safnahúsið í byrjun síðustu aldar var komið þar fyrir bókbandsstofu. Sauðskinn, saffían og shirtingur; þetta var sá efniviður sem nýttur var við bókband næstu áratugi. Nú eru bækur, skjöl og rit skönnuð og sett í rafrænan búning. Tímarit.is, hvar.is og bækur.is; þetta eru söfn sem koma að ómetanlegu gagni á tuttugustu og fyrstu öldinni, nokkurs konar bókband okkar daga. Vilji maður til dæmis fletta upp í *Lovsamling for Island* og *Fornbréfasafninu* er hægasti leikurinn að fara á Netið. Fréttir úr blöðum eru auðfundnar. Sú tíð er liðin að fletta þurfi árgöngum dagblaða eða lesa þau af filmum sem þótti bylting á sínum tíma. Mánuðum saman sat ég við filmulestrarvél, ungur maður, og leitaði uppi fréttir blaðanna um tiltekið efni í

áranna rás. Í dag tæki sá starfi mig líklega nokkra daga. Tímarit.is hefur breytt rannsóknnum á liðinni tíð meira en flest annað hér á landi.

En hvað með þjóðernistilfinninguna, ræktun lands og lýðs, sögulegan menningararf og þekkingu á liðinni tíð? Skjöl skapa ennþá þjóð. Elstu verkin í þessu safni, sem fjalla beinlínis um Gamla sáttmála, eru samkvæmt rafrænu safnaskránni leitir.is frá árinu 1908, en þau nýjustu frá síðustu árum. Í þeim er velt vöngum um þetta grundvallarskjal íslenskrar sjálfstæðisbaráttu á nítjándu öld. Meðal annars eru leidd að því rök að þótt höfðingjar hafi án efa samið við Noregskonung á þrettándu öld sé sá sáttmáli sem við þekkjum og getum lesið í *Lovsamling for Island* og *Fornbréfasafni* hér á safninu seinni tíma tilbúningur. Slíkum hugmyndum hefði líkast til ekki verið vel tekið um daga Jóns Sigurðssonar.

Handritasafn Jóns skipar veigamikinn sess í handritadeildinni hér á neðri hæð, keypt eftir andlát hans árið 1879. Og Jón skipar merkan sess í sögu safnsins, að ekki sé minnst á Íslandssöguna. Páll Eggert Ólason ritaði ævisögu Jóns í fimm bindum og tók saman skrár yfir handritasafn Landsbókasafnsins í þremur þykkum bindum árin milli stríða. Það var eljuverk og þakkarvert – en aðeins svo langt sem það náði. Nýlega sýndi Guðný Hallgrímsdóttir sagnfræðingur fram á hvernig skjöl kvenna reyndust afar illa skráð, vitandi vits. Stefnan á safninu var skýr, að hennar sögn:

Sú stefna tók lengst af mið af hinni þjóðernislegu umræðu í samfélaginu sem var sannarlega leiðarljósið í vísindum og fræðum á þeim tíma. Í handritaskránum opinberast hugmyndaheimur menntaðrar yfirstéttar sem ákvað hvaða sögu íslensku þjóðinni bæri að varðveita og halda til haga. Handritaskrárnar endurspeglar hugmyndaheim þeirra karla sem unnu við skráningu handrita og greiningu á íslenskri menningu. Það sem nú virðast úreltar hugmyndir um konur endurspeglar fyrst og fremst tíðaranda sem kvað upp úr um ætlað hlutskipti kvenna í nýju samfélagi. Af þeim sökum má halda því fram að handrit kvenna hafi fyrst og fremst verið skráð til að halda utan um og varðveita sögu þeirra „merku karla“ sem þær tengdust í lifanda lífi. Konur eru sjaldnast nafngreindar í handritaskránum þegar á handrit þeirra er minnst heldur kenndar við feður, maka, syni eða jafnvel afa sína.

Á sömu lund hefur Agnes Arnórsdóttir sagnfræðingur bent á að þegar farið var að gefa út gömul skjöl á nítjándu öld hafi hagsmunir búið að baki. „[Ú]tgáfunar endurspeglar ljóslega áhugamál samtíðarinnar,“ skrifaði hún, „og

má þar fyrst nefna útgáfu Jóns Sigurðssonar af fyrsta bindi *Íslenska fornbréfasafnsins*“.

Þessi vinnubrögð voru auðvitað ekkert séríslenskt einsdæmi. „Söfn voru ekki stofnuð til hægðarauka fyrir sagnfræðinga heldur til stuðnings valdstjórnar,“ skrifaði sagnfræðingurinn John Tosh í ritinu *The Pursuit of History* sem hefur lengi verið skyldulesefni í sagnfræði við Háskóla Íslands og má finna hér í mörgum útgáfum og eintökum – 907.2 Tos. Og hver veit nema Tosh hafi haft hin þekktu orð Orwells í huga að þeir sem ráði fortíðinni ráði samtíma og framtíð.

Skjöl skapa sögu. Fjölmörg dæmi um eyðingu skjala þekkjast um víða veröld, líka hér á Íslandi, gagnert til þess að hafa áhrif á söguskoðun og vitneskju um liðna tíð. „Hann var var um sig og virðist margt benda til að hann hafi reynt að eyðileggja gögn um sig. Hann var vel meðvitaður um stöðu sína í samfélaginu og skildi ekki eftir neitt vont sem hefði varpað skugga á dýrlingsmyndina.“ Þannig lýsti Guðjón Friðriksson einni söguhetju sinni, Jóni forseta, þegar hann tók við Verðlaunum Jónasar Hallgrímssonar árið 2015.

Vald hinna skriflegu heimilda er svo mikið. Sjálfur man ég vel eftir því að hafa fengið leyfi til að lesa leynilega dómsúrskurði um símahleranir og sat síðan á lestrarsalnum í kjallaranum hér að tengja númer sem þar voru nefnd við nöfn fólks og stofnana í símaskráum fyrri ára. Ýmsa hafði grunað að símar hefðu verið hleraðir, fullvissa fékkst ekki fyrr en hin skjalfesta sönnun varð heyrinkunn.

Þess vegna þurfum við skjalasöfn og bókasöfn. Við verðum samt að gera okkur grein fyrir því annars vegar að skjöl segja ekki allt, og hins vegar að skjöl mega ekki vera fullkomin forsenda frásagnar. Fólki í nýlendunni Kongó fækkaði um nær tíu milljónir árin 1880–1920 – tíu milljónir. Fáar skjalfestar heimildir eru til um orsakirnar, kúgun nýlenduherranna, átök og hungursneyð. Ekki mun heldur vera hægt að segja ævisögu eins einasta heimamanns frá þessum tíma út frá skjalfestum gögnum, þau eru einfaldlega ekki til. En samt gerðust hörmungarnar, samt lifði fólk og dó. Og frá því þarf að segja. Skjalaskortur má ekki ráða því að engin saga verði skráð.

Svo er það undir okkur komið að segja þá sögu sem heimildirnar geyma, horfa ekki blákalt framhjá sumu og hampa bara öðru. Falleg er hún, lýsing Schlichtegrolls, vildarvinar okkar hér á Landsbókasafni, á hlýjum baðstofum þar sem bændur nutu víst sagnaarfsins og erlendra menningarstrauma. Í geymslu 2 hér í húsi liggja endurminningar Sæmundar Stefánssonar, *Æfisaga og draumar*, með flokkunarnúmerið 926.3 Sæm. Hann var niðursetningur, fæddur 1859 og man fyrst eftir sér við fjögurra ára aldur:

Og eitt með hinu fyrsta sem ég man er það að ég gekk ávallt berfættur. Fötin sem ég man eftir voru einir buxnalarfar og peysugarmur. Rúmið sem ég svaf í var heybæli. Rúmfötin voru: seglgarmur sem ég lá í og undir höfðinu hafði ég torfusnepil.

Ég var látinn borða úr aski er ég held ég megi fullyrða að aldrei hafi verið þveginn. Og það hygg ég að hið versta úr matnum hafi lent í þessum aski. Sérstaklega er mér enn í dag minnisstætt hve mikið mér var skammtað af grásleppuhveljum og úrgangsfiskmeti. Ég var aldrei látinn borða með öðrum.

Ég man ekki betur en að ég væri barinn því nær á hverjum degi í fjögur ár. Var ég orðinn þessum barsmíðum svo vanur að ég var hættur að gráta, þótt ég væri hýddur með vendi. Vel má vera að ég hafi átt þessar hýðingar skilið en stundum þótti mér sem ég væri barinn að ósekju. Til dæmis átti ég æfinlega víst að vera barinn ef menn á bænum komust að því að ég hefði drukkið vatn úr vatnsfötum er stóðu í göngunum eða frammi í eldhúsi.

Við þurfum Landsbókasafn til að geyma bækur sem segja sögur af þessu tagi, til að geta lært af sögum af þessu tagi. Auðvitað þurfum við hin söfnin sömuleiðis. Á Þjóðskjalasafni Íslands liggja gögn um „ástandið“ svonefnda, meðal annars yfirheyrslur í Sakadómi Reykjavíkur yfir ungum stúlkum sem sérstakt ungmennaeftirlit stríðsáranna sakaði um ósiðlegt og óþjóðlegt samband við erlenda hermenn. „Stúlkur frá „betri heimilum“ voru ... næsta óhultar fyrir afskiptum ungmennaeftirlitsins,“ skrifaði Þór Whitehead sagnfræðingur í rannsókn sinni á þessum þætti heimsstyrjaldarinnar síðari á Íslandi – og hélt svo áfram:

Lausleg könnun bendir til að karlar, sem brutu á stúlkunum, hermenn jafnt sem Íslendingar, hafi sloppið við málssókn og raunverulega refsingu. Herstjórar virðast lítt hafa skipt sér af þessum málum og einhliða siðferðisviðleitni íslenska ríkisins gagnvart kvenfólki átti sér þjóðernislegar fremur en siðferðilegar rætur. ... Stúlkurnar voru engir afbrotamenn heldur miklu fremur fórnarlömb kynferðislegrar misnotkunar karlmanna (stundum bæði hermanna og landa sinna, sem oftast voru sekir um fyrstu og grófustu brotin) og erfiðra fjölskyldu- og félagsaðstæðna.

Góðir áheyrendur: Í ár minnumst við ekki aðeins tveggja alda afmælis Landsbókasafnsins. Í ár eru líka hundrað ár frá fullveldi, svo sannarlega ástæða til fagnaðar og hátíðahalda, tilefni til að rifja upp það sem vel hefur tekist og

horfa jákvæð og bjartsýn fram á veg. Þótt margt megi enn bæta í samfélagi okkar getur engum dulist að saman höfum við gengið til góðs. Lífslíkur eru mun betri og meiri, heilbrigðisþjónusta og almannatryggingar öflugri. Jafnrétti hefur stóraukist og mannréttindi sömuleiðis. Möguleikar til menntunar og afþreyingar eru allir aðrir. Sama er að segja um vald fólks til að ráða eigin lífi og láta drauma sína rætast.

Látum raunsæi þó líka ráða för og nefnum ekki aðeins það úr liðinni tíð sem varpar björtu ljósi á líf fólks hér á landi. Á hátíðarstundum vex sú freisting gjarnan í réttu hlutfalli við tilefnið. Þetta hefur finnski sagnfræðingurinn Henrik Meinander til dæmis bent á í ágætu safnríti, *The Use and Abuse of History*, sem Antti Blåfield ritstýrir – og er því miður ekki til á safninu.

Notkun og misnotkun sögunnar – þetta ætti að vera sífellt viðfangsefni þeirra sem hafa áhuga á sögu og samtíð, fræðafólks og annarra. Þegar Hannes Hafstein tók til máls við vígslu Safnahússins á sínum tíma ræddi hann réttilega um mikilvægi ættjarðarástar og menningararfs, tilfinninga og minninga sem auka æskilega samkennd með fólki. Þjóðrembu og afturhaldi vísaði Hannes hins vegar á bug. Hinn 11. janúar 1888, fyrir réttum 130 árum, birtist í *Ísafold* tilkynning um fyrirlestur hans um „ástand íslensks skáldskapar nú á tímum“. Hannes varaði þar við innantómum „þjóðernisátrúnaði“, fékk yfir sig skammir á síðum blaðanna en varðist fimlega. „Þjóðernið,“ skrifaði hann meðal annars,

... [er] mjög hættulegt orð fyrir framfarirnar því að það er svo hætt við að það sé brúkað til að æsa upp þjóðarreiging og stæla fáfróðan almúga upp í að hann sé það sem forfeðurnir hafa verið. Það er drep fyrir sannan framgang að hafa þjóðernið sem mælikvarða fyrir öllu fögru, réttu og góðu. Þjóðernisátrúnaður leiðir menn til að spyrna á móti því sem er nýtt, hve rétt sem það er og halda við hið gamla hve vitlaust sem það er.

Að lokum, og enn á ný: Skjöl skapa þjóð. Höldum til haga og geymum á söfnum skjöl, bækur og aðrar heimildir sem nota má til að segja söguna í öllum sínum marbreytileika, hið góða og hið illa, það sem má hafa til eftirbreytni og hitt sem ætti að varast, það sem ekki verður deilt um og það sem má túlka á marga vegu. Við getum sagt okkur þá sögu sem við viljum, reynt að skapa falska glansmynd eða horft hreinskilin í aldarspegil.